

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugavegur 120.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. júlí 2015, breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.2, bankareits, vegna lóðarinnar nr. 120 við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. uppbygging á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 26. júní 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit suðvesturhluta lóðar svo koma megi fyrir þriðju færanlegu kennslustofunni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sólheimar 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. júlí 2015 breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 27 við Sólheima. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir sorpskýli á lóðinni austan við núverandi fjölbýlishús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 17. júlí 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2015